

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1509**  
**komudagur 12.2.2013**

8. febrúar 2013.

**Samantekt á helstu athugasemdum aðildarfélaganna SAMÚT frá árinu 2012 vegna frumvarps umhverfis- og auðlindaráðuneytisins (UAR) til laga um náttúruvernd sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi 141. löggjafarþingi. Einnig koma fram helstu athugasemdir ráðuneytisins vegna umsagnanna.**

**Umsögn 4x4:**

4x4: Ákveðnum útivistarhópum er mismunað eftir ferðamáta, þ.e. ekki tekið tillit til þeirra sem eru akandi. Mótmælt því að akstur vélknúinna ökutækja falli ekki undir almannarétt.

UAR:

Akstur vélknúinna ökutækja hefur ekki fallið undir almannarétt eins og skýrt hefur verið á fundi með SAMÚT. Í gildandi náttúruverndarlögum varðar ákvæði 17. gr. laganna eingöngu bann við akstri utan vege og undantekningar frá því banni. Ekki er kveðið á um rétt þeirra sem eru akandi til farar um land.

4x4: Ráðherra er heimilað að banna umferð ákveðinna hópa m.a. vegna þess að þeir geti valdið öðrum óþægindum – ekki er skilgreint hvað teljist óþægindi.

UAR:

Skv. 31. gr. frv. getur ráðherra í reglugerð, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, takmarkað eða bannað akstur á jöklum og frosinni og snævi þakinni jörð þar sem hættu er á náttúruspjöllum eða óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð. Þessi heimild er óbreytt frá gildandi lögum (17. gr.) og er ekki vitað til þess að hún hafi valdið vandkvæðum. Slíkri heimild er ekki beitt nema að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, sem gefur sitt sérfræðiálit á því hvort rök séu fyrir beitingu ákvæðisins. Lögmaet sjónarmið þurfa að liggja að baki ákvörðun ráðherra um slíkar takmarkanir. Ljóst er þá að óþægindi er huglægt hugtak sem erfitt er að njörva niður með skilgreiningu í lög og er því háð málefnalegu mati stjórnvalda.

4x4: Skilgreiningar almennt óljósar og óskýrar. Vantar skilgreiningu á hugtökunum einvera, næði, víðernum og ósnortnum víðernum.

UAR:

Órökstutt er að skilgreiningar sé almennt óljósar og óskýrar.

Hugtakið „einvera“ hefur almenna skýrskotun og því ekki rétt að skilgreina það í frumvarpinu.

Hugtakið næði er ekki að finna í frumvarpstextanum og er þ.a.l. ekki skilgreint þar.

Hugtakið víðerni er ekki notað eitt og sér í frumvarpstextanum og ekki eru nefnd ósnortin víðerni.

Óbyggð víðerni koma hins vegar fyrir í textanum og er skýring á hugtakinu að finna í 46. gr. frumvarpsins.

4x4: Ekki er réttlætjanlegt að að loka heilu landsvæðunum fyrir öðrum en gangandi.

UAR:

Óljóst er hvað hér er átt við. Í frumvarpinu er ekkert slíkt áformað.

4x4: 19. gr. Ákvæðið býður upp á að eigendur jarða takmarki umferð eftir eigin gedþóttu.

UAR:

Heimild rétthafa/eiganda lands skv. gildandi náttúruverndarlögum til að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustiga umferð manna og dvöl á afgirtu óræktuðu landi hefur þótt nokkuð víðtæk. Er hún því takmörkuð frá því sem verið hefur og afmörkuð nánar í 19. gr. frumvarpsins. Hún er því einungis bundin við það *ef hættu er á tjóni eða óhagræði* fyrir þann sem nýtir landið. Heimildin

er því eingöngu bundin við sérstök tilvik og þá eingöngu ef það er nauðsynlegt vegna nýtingar lands eða verndunar. Heimildin opnar því ekki fyrir geðþóttaákvörðanir. Þá er unnt að óska úrlausnar Umhverfisstofnunar ef ágreiningur er um slíka takmörkun og er það nýmæli.

4x4: 22. og 23. gr. Mótmælt er að ákveðin gerð viðlegutjalda sé tilgreind, þ.e. göngutjöld og hefðbundin viðlegutjöld. Veldur óþarfa ruglingi. Spurning um hvort jöklatjald sé göngutjald.

UAR:

22. gr. frumvarpsins um heimildir til að tjalda er að mestu leyti samhljóða 20. gr. gildandi náttúruverndarlaga. Óljóst er hvaða vandkvæðum er bundið að tilgreina hefðbundin viðlegutjöld og göngutjöld í frumvarpinu. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með hefðbundnum viðlegutjöldum sé átt við tjöld sem eru veigameiri en svo að hægt sé að bera þau á göngu. Göngutjöld eru hins vegar létt tjöld sem unnt er að bera, draga eða reiða, t.d. í gönguferðum eða öðrum ferðum. Jöklatjöld sem unnt er að bera, draga eða reiða í slíkum ferðum ættu því að falla undir göngutjöld. Bent er á að unnt er að setja fram tillögur til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um hugtakanotkun hvað varðar tjöld.

4x4: Ákvæði um að virða skuli ákvæði um bann við akstri utan vega og gæta þess að valda ekki skemmdum á vettvangi við tjöldun – lýsir andúð gagnvart þeim sem nota bíla til ferðalaga.

UAR:

Hugsunin að baki ákvæðinu er að kveða á um aðgæslu til að koma í veg fyrir hugsanleg náttúruspjöll. Ákvæði lagafrumvarpa hafa hins vegar ekki að geyma slíka huglæga afstöðu sem vísað til.

4x4: 25. gr. Óljóst hvað telja beri sem verulegt tjón. Hættulegt að rýmka heimild til skyndilokana – eykur hættu á geðþóttaákvörðunum.

UAR:

Vandséð er hvernig hættu er á geðþóttaákvörðunum þegar skilyrðið er að hætta sé á „verulegu“ tjóni. Þá ber að hafa í huga að takmörkunin/lokunin getur aðeins staðið yfir í 2 vikur þar sem eingöngu er unnt að framlengja hana með staðfestingu ráðherra.

4x4: 26. gr. Athugasemd við að hægt sé að velja á milli að hafa hlið eða göngustiga á girðingum.

UAR:

Ákvæði 1. mgr. 26. gr. var breytt og er nú skylda að hafa hlið nema um sé að ræða skipulagðan göngustíg.

4x4: V. kafli. Athugasemdir við að leyfilegur utanvegaakstur, t.d. vegna atvinnustarfsemi, geti allt eins valdið náttúruspjöllum.

UAR:

Þessar undantekningar hafa verið taldar nauðsynlegar vegna tiltekinnar atvinnustarfsemi. Kveðið hefur verið um nánari aðgæslu vegna utanvegaaksturs í reglugerð nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru landsins.

4x4: Athugasemdir við að hugtakið vegur sé skilgreindur á annan hátt en í öðrum lögum. Sakfelling vegna utanvegaaksturs ætti að vera auðsött.

UAR:

Hugtakið vegur er skilgreindur á annan hátt í frumvarpinu en t.d. í vegalögum sökum þess að vegalögin ná ekki yfir vegslóða og hafa því of þrönga skilgreiningu. Vandamálið hefur verið það að skilgreiningu á vegslóðum hefur skort í náttúruverndarlög og þar með hefur verið réttaróvissa um það hvaða vegslóða má aka.

4x4: Alvarlegt mál er ef ferðamaður er jafn ólöglegur á vegi/slóða sem ekki hefur verið áratugum saman og í ósnortinni og gróinni náttúru af þeirri ástæðu einnig að slóðinn er ekki í kortagrunninum.

UAR:

Tilgangurinn með kortagrunninum er ekki að loka fyrir slóða sem forsvaranlegt er að aka heldur skrá þá slóða sem heimilir eru til aksturs.

4x4: Bent á að jörð geti verið ófrosin þó yfir henni sé þriggja metra snjólag og þar með engin hættu á náttúruspjöllum.

UAR:

Akstur við þessar aðstæður getur haft áhrif og getur snjór t.d. verið þykkur á einum stað og þynnri á öðrum og þá er mikil hættu á að land spillist við akstur. Því hefur það verið mat ráðuneytisins að skilyrði þurfi að vera að jörð sé snævi þakin og frosin.

4x4: 32. gr.

Lagt til að ný kortagögn verði endurgjaldslaus.

Lagt til að gagnagrunnur Landmælinga verði lifandi grunnur og uppfærsla hans gerð reglulega ef þörf krefur. Heimilt verði að ákveðnir slóðar verði opnir ákveðnum tegundum ökutækja og erfiðleikamerking verði við vegslóða.

Athugasemdir gerðar við þann tímaramma sem gefinn er varðandi gerð kortagrunnsins.

UAR:

Ákvæðið kveður á um að upplýsingar úr kortagrunninum verði veittar án endurgjalds. Nánari útfærsla á kortagrunninum, m.a. ákvæði um uppfærslu hans, mun koma nánar fram í reglugerð. Skv. ákvæðinu er ráðherra heimilt að ákveða að umferð á tilteknum vegslóðum skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, vissa tíma eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

4x4: 46. gr. Athugasemdir við að það sé talið mikilvægt að ferðamaður geti notið einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum og vélknúinni umferð. Þýðing á einveru?

Skilgreining á óbyggðum víðernum of opin og – fararmáti flestra er bannaður í óbyggðum víðernum.

UAR:

Friðlýsingarflokkurinn óbyggð víðerni samsvarar flokki Ib, óbyggðir (e. wilderness area), í flokkunarkerfi IUCN. Til flokks Ib teljast svæði sem venjulega eru stór og bera jafnan óveruleg sýnileg ummerki um umsvif mannsins. Þar er ekki varanleg eða umtalsverð búseta og verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra. Í ljósi þessa skal friðlýsingin m.a. miða að því að hægt sé að njóta einveru, enda um „óbyggð“ víðerni að ræða. Ekki er unnt að sjá rök fyrir því að skilgreina þurfi nánar hugtakið „einvera“ þar sem það hefur almenna skírskotun.

### **Umsögn Eyjafjarðardeildar 4x4**

4x4: Hugmynd að notkun kortagrunns óframkvæmanleg. Stöðvar alla útgáfu Íslandskorta og Landmælingum færðum einum réttur til útgáfu korta.

UAR:

Frumvarpið er samið m.a. í samráði við Landmælingar og Umhverfisstofnun sem telja ákvæði um kortagrunninn framkvæmanleg. Ákvæði um kortagrunninn miða ekki að því að stöðva útgáfu korta, enda sérstaklega fjallað um útgefendur vegakorta í frumvarpinu.

4x4: Ferðamáta manna mismunad.

UAR: Sjá umfjöllun um þetta atriði framar í skjalinu.

4x4: 22. gr. Í stað þriggja viðlegutjalda er eðlilegra að miða við leyfilegan fjölda þeirra sem gista í tjöldum. Í stórum leiðangurstjöldum geta tugir manna sofð.

Oft er ekki hlaupið að því að fá leyfi landeiganda.

Ákvæði um aftanívagna ónothæft í ljósi þess að ekki má fara með vagninn upp úr slóð nema vera á blábrún slóða.

UAR:

Sjá umfjöllun áður þar sem segir að með hefðbundnum viðlegutjöldum sé átt við tjöld sem eru veigameiri en svo að hægt sé að bera þau á göngu. Ljóst er því að með hefðbundnum viðlegutjöldum sé ekki átt við stór leiðangurstjöld. Ef SAMÚT eða einstök félög hafa hugmyndir um skýrari hugtök er hægt að koma slíku á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sem hefur frumvarpið til meðferðar.

Gildandi náttúruverndarlög gera ráð fyrir að leyfi réttihafa/eiganda lands þurfi í ákveðnum tilvikum og telja verður slíkt nauðsynlegt til að ekki sé gengið á réttindi hans yfir landi, þrátt fyrir að það geti verið vandkvæðum háð að afla leyfis.

Ákvæði um tjaldvagna, fellihýsi o.fl. er ekki bundið við brún slóða heldur segir eingöngu að heimilt sé að nota slík tæki á skipulögðum tjaldsvæðum og svæðum á óræktuðu landi sem „tengjast“ vegum eða slóðum og þar sem ekki er hætt á skemmdum á náttúrunni.

4x4: 31. gr. Fjöldi aðila veitt undanþága frá banni við akstri utan vega.

UAR:

Sá atvinnurekstur sem nefndur er er nokkurn veginn sá sami og skv. gildandi lögum þó svo að tilteknum atvinnurekstri sem nefndur er í reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands sé bætt við frumvarpsákvæðið.

4x4: Tilgangur 31. gr. um takmarkanir vegna óþæginda sem menn hafa af akstri á jöklum og snævi þakinni jörð, er smám saman að þrengja að akstri á ákveðnum svæðum jökla og snævi þakinni jörð.

UAR:

Um óbreytt ákvæði er að ræða og því ekki verið að þrengja að akstri á svæðum jökla og snævi þakinni jörð.

4x4: Mótmælt er að þeir sem hafi heimildir til utanvegaaksturs þurfi ekki að gera grein fyrir því hvort þeir hafi búnað til að forða náttúruspjöllum. Þurfa þá ekki að gera grein fyrir akstrinum.

UAR:

Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla vegna undantekninga frá akstri utan vega muni koma fram í reglugerð.

4x4: 46. gr. Skilgreining á óbyggðum víðernum of opin og óþörf – tilefni til að óttast að verði notuð í þeim tilgangi að hindra för almennings þar sem fararmáti flestra er bannaður í óbyggðum víðernum.

Ráðherra þarf ekki að byggja ákvörðun sína á ráðgjöf annarra og engin takmörk sett hvar hann friðlýsir skv. greininni. Tilgangur ákvæðisins að koma í veg fyrir umferð vélknúinnar umferðar.

UAR:

Skóða þarf ákvæði í samhengi við aðrar greinar frumvarpsins um friðlýsingarferli. Meginreglan er sú að friðlýsingar skuli byggja á framkvæmdaáætlun. Það ferli felur í sér ráðgjöf frá fagaðilum og víðtækt kynningar- og samráðsferli.

4x4: 47. gr. Notkun hugtaksins friðlýsing í stað þess að stofna þjóðgarða er ekki rétt orðalag.

UAR:

Þessi staðhæfing er órökstudd og því ekki unnt að bregðast við henni.

4x4: 90. og 91. gr. Vantar skilgreiningu á því hvað eru alvarleg spjöll. Refsiramminn er of víður miðað við að engar skilgreiningar fylgi og gildi jafnt ásetningu sem gáleysi. Lágmarksrefsing er mjög há og dómur ávallt óskilorðsbundinn.

Uar:

Bent er á í þessu sambandi að skv. 179. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, skal sá sem gerist sekur um meiri háttar brot gegn lagaákvæðum um verndun umhverfis með nánar tilgreindum verknaði, þ.á.m. að spilla merkurum náttúruminum, sæta fangelsi allt að 4 árum. Það að spilla merkurum náttúruminum er ekki nánar skilgreint í ákvæðinu og því háð mati hverju sinni. Í samræmi við þetta ákvæði er í 90. gr. frumvarpsins talað um spjöll á náttúru landsins.

Lágmarksrefsingin er eins lág og hún getur verið, þ.e. sektir.

Ef ákveðin er fangelsisrefsing fyrir slík brot þá er það í valdi dómstóla hvort slík refsing skuli vera skilorðsbundin eða óskilorðsbundin.

### Umsögn Útivistar (ÚV)

ÚV: Almennaréttur fyrir umferð á ökutækjum er mikilvægur en hann mætti tengja 32. gr. þannig að almenningur hafi rétt á að fara um þá vegi og vegslóða sem leyfilegir eru skv. kortagrunni nema sérstakar ástæður kveði á um annað skv. lögunum.

UAR:

Gildandi náttúruverndarlög hafa ekki gert ráð fyrir því að akstur vélknúinna ökutækja falli undir almennarétt og hafa lögin því ekki haft að geyma ákvæði er mæla fyrir um rétt tengdan slíkum fararmáta. Í 55. gr. vegalaga, nr. 80/2007 segir hins vegar: „Nú liggur vegur, stigur eða götturoðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks samkvæmt lögum þessum og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði á veginum en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg nema sveitarstjórn leyfi.“

ÚV: 25. gr. Þar sem margir ferðamenn nota vef Vegagerðarinnar til að afla upplýsinga um lokanir á hálendisvegum er rétt að ákvarðanir um lokanir séu einnig kynntar þar.

UAR:

Ákvæðið mælir nú fyrir um tilkynningu á vef Vegagerðarinnar.

ÚV: 31. gr. Heimild ráðherra til að banna akstur á snjó og jöklum of opin og almenn og óljóst hvernig mat fari fram á því hvað eru óþægindi fyrir aðra. Heimild til svæðalokunar ætti að vera gerð í samráði við fulltrúa ferðafólks (SAMÚT).

UAR:

Sjá athugasemd um þetta atriði frammar í skjalinu. Við gerð reglugerða er venjan sú að senda drög að þeim til umsagnar helstu aðila sem málið varðar.

ÚV: 32. gr. Grein um kortagrunn tímabær og nauðsynleg. Mikilvægt að kortagrunnurinn sé vel unninn og fulltrúar útivistar- og ferðafólks komi að þeirri vinnu.

UAR:

Gert er ráð fyrir að reglugerð ráðherra mæli fyrir um samráð og kynningu varðandi kortagrunninn.

ÚV: 46. gr. Friðlýsing mjög stórra svæða (óbyggð víðerni) þar sem lokað er á vélknúna umferð á jörðu getur haft umtalsverð áhrif á möguleika meginþorra ferðafólks til að njóta náttúrunnar.

Skilgreining á óbyggðum víðernum gefur ekki skýra mynd af áhrifum friðlýsingarinnar á möguleika almennings til að ferðast. Vísun til friðunarflokkss Ib í flokkunarkerfi IUCN felur í sér nokkuð stranga friðun sem rúmar ekki stöðkerfi við ferðamenn af neinu tagi, jafnvel að ferðalög um svæðið krefjist sérhæfðrar þekkingar og búnaðar.

Full ástæða til að vernda til framtíðar svæði þar sem hægt er að njóta kyrrðar í náttúrunni. Þó athugasemd við að tiltekið sé að í því felist að hægt sé að njóta náttúrunnar án truflunar frá vélknúinni umferð á jörðu.

UAR:

Það athugast að við friðlýsingu þá eru nánari ákvæði friðlýsingar ákveðin með friðlýsingarákvæðum sem koma fram í auglýsingu ráðherra. Ákvæðið setur þó þær línur að friðlýsingin skuli miða að því að varðveita einkenni svæðisins, t.d. að viðhalda fjölbreyttu og óvenjulegu landslagi, vísýni og/eða vernda heildstæð stór vistkerfi, og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja.

Ákvæðið kveður nú um truflun frá vélknúinni umferð (ekki bundið við jörðu).

### **Umsögn Slóðavina (SV)**

SV: Engin gögn styðja það að akstur utan vega sé vandamál á Íslandi.

UAR:

Markmið ákvæða frumvarpsins um utanvegaakstur miða eingöngu að því að setja takmarkanir á slíkan akstur sem er til þess fallinn að valda náttúruspjöllum.

SV: 32. gr. Umhverfisstofnun þarf að fá stærra hlutverk og vera leiðandi í matsvinnu varðandi kortagrunninn. Umsýslu- og umsagnaradili þegar kemur að málum sem snúa að enduropnun, frekari lokunum og nýjum leiðum.

Sveitarfélög ættu að koma sér upp nefnd sem svipar til núverandi náttúruverndarnefnda í stað ráðherraskipaðrar nefndar. Nefndirnar ættu að vera skipaðar fulltrúum þeirra sem fara um vegslóðana. Auka á samstarf við hagsmunafélög.

Auka þarf samstarf við hagsmunafélög og gefa almenningi kost á að koma að vinnunni.

Kortagrunnurinn þarf að sýna alla vegslóða sem hafa verið kortlagðir.

Samgönguyfirvöld ættu að hafa það verkefni að stjórna umferð vélknúinna ökutækja um vegslóða.

Er raunhæft að ætla ferðafólki að vera með vegakort sem byggja á boðuðum kortagrunni?

Lokaðir vegslóðar hverfa seint og því þarf að rökstyðja vel lokanir og takmarkanir.

Knappur tímarammi fyrir gerð kortagrunna. Lagt til að tímamörk verði felld út.

UAR:

Bent er á að nánari útfærsla á ákvæðum um kortagrunninn um vegi og vegslóða mun koma fram í reglugerð og skal þar m.a. kveðið á um samráð og kynningu varðandi gerð kortagrunnsins.

Óljóst er hvaða aukið hlutverk Umhverfisstofnunar er átt við, en stofnunin hefur heimildir skv. frumvarpinu til lokunar svæða og hefur m.a. eftirlit með utanvegaakstri.

Ljóst er að vegslóðar eru ekki hluti af vegum samkvæmt vegalögum og er þ.a.l. tekið á því í náttúruverndarlögum hvaða vegslóðar skuli heimilir akstri. Akstur þeirra verður þó á ábyrgð þeirra sem þá nota og ekki er gert ráð fyrir að tiltekinn veghaldari beri ábyrgð á þeim, þ.a.m. viðhaldi þeirra. Tilgangurinn með tilgreininguh eimilla vegslóða í kortagrunn er sá að kortleggja þá slóða sem forsvaranlegt er að séu eknir og skapa þar með réttaröryggi. Markmiðið er ekki það að loka vegslóðum.

Tímarammanum varðandi vinnu við kortlagningu vegslóða á miðhálandi og láglendi hefur verið breytt að tillögum Landmælinga Íslands.

SV: 2. mgr. 31. gr. Innleiða þarf tilkynningarskyldu vegna undanþáguákvæða um bann við akstri utan vega og gera Umhverfisstofnun að eftirlitsaðila.

Gera þarf kröfu að menn skili landinu í sama horfi og áður en akstur hófst.

Komið þyrfti upp gagnagrunni sem sýnir leiðir sem veitt hefur verið undanþága fyrir.

UAR:

Þessar athugasemdir lúta aðallega að nánari útfærslu í reglugerð. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir að Umhverfisstofnun hafi eftirlit með akstri utan vega.

### **Umsögn Landssamtaka hjólreiðamanna (LH)**

LH: 2. mgr. 18. gr. verði breytt. Í stað þess að skylda sé að fylgja leiðbeiningum landeiganda/rétthafa lands varðandi ferð og umgengni um land eigi að taka tillit til slíkra leiðbeininga og fyrirmæla.

UAR:

Í ljósi réttinda rétthafa lands/landeiganda er rétt að fylgt sé leiðbeiningum/fyrirmælum þeirra varðandi ferð og umgengni. Ljóst er þó að slíkar leiðbeiningar mega ekki fara í bága við þau ákvæði er varða almannaréttinn. Ef vandkvæði eru þá er unnt að óska úrlausnar Umhverfisstofnunar.

LH: Athugasemdir við að umferð hjólandi sé sett í sama flokk og umferð ríðandi manna – ólíkir fararmátar. Hjólreiðamenn eiga meira sameiginlegt með gangandi mönnum eða á skíðum, skautum eða sledum.

Engin rök fyrir því að setja ákvæði um hjólreiðar í reglugerð.

UAR:

Rétt er að um ólíkan fararmáta er að ræða. Hins vegar er í báðum tilvikum um tiltekinn fararskjóta að ræða og því telur ráðuneytið eðlilegt að umræddur fararmáti sé í sama ákvæði. Með því er þó ekki að neinu leyti tekin afstaða til þess hvor fararmátinn sé líklegri eða ólíklegri til að valda náttúruspjöllum við tiltekna aðstæður.

Ljóst er að hjólreiðaferðir hafa aukist á undanförmum árum og þykir því eðlilegt að skýrar reglur séu settar um þetta efni. Í því skyni er mælt fyrir um skyldu ráðherra til að setja ákvæði í reglugerð um slíka umferð.

### **Umsögn Skotvís (SK)**

SK: Athugasemdir er lúta að jöfnum umferðarrétti.

UAR:

Sjá framangreind svör er varða almannarétt.

SK: 19. gr. Athugasemdir er lúta að takmörkun umferðar um óræktað land – mikilvægt að engar slíkar takmarkanir verði leyfðar.

UAR:

Sjónarmið baki ákvæðinu eru réttindi rétthafa/eiganda lands. Áhersla er lögð á að slíkt er einungis heimilt í sérstökum tilvikum og einungis ef nauðsynlegt er, þ.e. ef hætta er á tjóni eða óhagræði fyrir þann sem nýtir landið.

SK: 22. gr. Heimild til að tjalda fullþröng og of miklar skordur settar.

UAR:

Óljóst er hvaða skordur er hér verið að vísa til.

SK: 31. gr. Mikilvægt er að þessi grein sé skýrari og valdi ekki misskilningi t.d. mætti túlka hana þannig að ekki mætti aka með leyfi landeiganda yfir tún á leið í veiði eða eftir árbakka við að setja bát á vatn.

UAR: Skýrt er í ákvæðinu að meginreglan um bann við akstri utan vega gildir, sbr. gildandi náttúruverndarlög. Þá eru tilgreindar sérstaklega undantekningar frá meginreglunni, m.a. vegna tiltekinna starfa. Þá er gert ráð fyrir að undantekningarnar verði útfærðar frekar í reglugerð ráðherra. Óljóst er hér hvaða óskýrleika er hér verið að vísa til. Akstur yfir tún er t.d. að meginreglu til bannaður nema vegna landbúnaðar, sbr. gildandi náttúruverndarlög.

SK: Mikilvægt er að friðlýsing svæða sé í takti við almannarétt og að stjórnvöld gæti meðalhófs í öllum sínum aðgerðum.

UAR:

Ákvarðanir um friðlýsingar ber að taka á grundvelli lögmætra sjónarmiða og gert er ráð fyrir viðtæku samráðs- og kynningarferli í frumvarpinu. Þá er áréttað að gæta þurfi meðalhófs, m.a. með tilliti til þess að friðlýsingar eru almennt til þess fallnar að skerða eignarréttindi.